

## **Borgarráð 15. ágúst 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lækkingu á sorphirðukostnaði MSS24080047**

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvers vegna ekki megi kanna hvort að unnt sé að lækka sorphirðukostnað með því að bjóða út sorphirðu? Flokkur fólksins hefur lagt til að leitað verði eftir því að ná fram sparnaði í sorphirðu með útboði til að byrja með í nokkrum póstnúmerum í Reykjavík. Kópavogur fór nýlega í útboð á sorphirðu og náði að lækka áætlaðan sorphirðu kostnað íbúa Kópavogs um 500 milljónir.

### **Greinargerð**

Miðað við stærð sveitarfélaga þá gæti slíkur sparnaður numið um 2.000 milljónum (2 milljörðum) fyrir Reykvíkinga. Flest sveitarfélög önnur en Reykjavík bjóða út sorphirðu og er ekki að sjá annað en að slíkt hafi reynst vel. Gera þyrfti hagkvæmnisúttekt á þjónustu við djúpgáma með þeim tækjum og tólum sem til þess þarf en SORPA hyggst sjálf þjónusta djúpgáma. Löngu er tímabært að í þessu stóra verkefni verði hugað að kostnaði. Það er skylda sveitarfélags að fara vel með fjármagn, útsvar borgarbúa, og finna ávallt hagkvæmstu leiðirnar. Ekki hefur verið kannað hvort hagkvæmara sé að bjóða út einstök verk eða verkefni eins og flest önnur sveitarfélög hafa gert. Miðað við fjölda íbúa, þá eru þeir 4 sinnum fleiri í Reykjavík en Kópavogi. Reykjavík getur mögulega sparað íbúum þess allt að 2.000 milljónir á ári með því að bjóða út sorphirðu. Hvers vegna ætti ekki að skoða þetta? [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/07/05/kubbur\\_tekur\\_vid\\_sorphirdu\\_i\\_kopavogi/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/07/05/kubbur_tekur_vid_sorphirdu_i_kopavogi/)